

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum (581. mál)

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (upprunatengdir ostar, móðurmjólk), á þingskjali 936. Einnig er vísað til bréfs Félags atvinnurekenda til atvinnuveganefndar, dags. 12. apríl síðastliðinn.

Tilefni lagasetningar hvað varðar tollkvóta fyrir upprunatengda osta er nefndarmönnum þegar kunnugt og var rakið í bréfi FA. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsti í lok marz eftir umsóknnum um nýja tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt tvíhliða samningi Íslands og Evrópusambandsins, sem tók gildi 1. maí næstkomandi. Auglýstir voru kvótar fyrir þá átta mánuði, sem eftir voru af árinu við gildistöku samningsins, þ.e. tveir þriðju af þeim tollkvótum sem eiga að vera í boði á fyrsta gildisári samningsins. Athygli vakti hins vegar að í auglýsingu ráðuneytisins var ekki gert ráð fyrir að allur tollkvótinn fyrir svokallaða sérosta, þ.e. osta sem njóta upprunaverndar, t.d. Rochefort eða Parmesan, verði auglýstur á fyrsta gildisári samningsins.

Í framhaldi af þessu vakti FA athygli nefndarinnar á málinu og benti á að þetta gengi þvert á það sem þáverandi meirihluti atvinnuveganefndar lagði til í því skyni að liðka fyrir samþykkt búvorusamninganna á 145. löggjafarþingi, sem var að taka alla aukningu á tollkvóta fyrir sérosta inn strax við gildistöku samningsins í stað þess að aukningin kæmi inn í þrepum á fjórum árum. Jón Gunnarsson alþingismaður, þáverandi formaður nefndarinnar, kallaði þessa ráðstöfun „verulega tilslökun“ á móti hækjun á almennum tollum á osta, sem kveðið var á um í búvorusamningunum og Félag atvinnurekenda og margir fleiri gagnrýndu harðlega. Sú tollahækjun tók gildi í ársbyrjun 2017, en gildistaka tollasamningsins við ESB dróst á langinn.

Í greinargerð frumvarpsins er vitnað til nefndarálits meirihluta atvinnuveganefndar við þriðju umræðu um frumvarpið sem lögfesti búvorusamningana, en þar var algjörlega skýrt hver vilji þingsins væri: „*Meiri hlutinn hefur sammælst um það við ráðherra að hraða innleiðingu á auknum kvótum vegna innflutnings á sérostum, sbr. breytingartillögu nefndarinnar við 65. gr. B búvorulaga við 2. umræðu, þannig að hún komi öll til framkvæmda á fyrsta ári gildistíma samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur.*“

Í viðræðum milli þingnefndarinnar og ráðuneytisins mun hafa orðið að niðurstöðu að ráðherra legði fram frumvarp til að vilji Alþingis mætti ná fram að ganga. Í greinargerð frumvarpsins er vakin athygli á að skýra lagaheimild þurfi til

að fella niður skatt eins og innflutningstollinn sem hér um ræðir. Með þessu frumvarpi veitir Alþingi slíka heimild.

Í greinargerðinni kemur réttilega fram að málið er almenningi til mikilla hagsbóta. Með samþykkt þess bætast 104 tonn við tollfrjálsan innflutningskvóta á sérostum á þessu ári og tugir tonna á næstu þremur árum miðað við það sem væri ef ákvæði samnings Íslands og ESB giltu óbreytt. Meirihluti atvinnuveganefndar á 145. þingi lagði til þá lagabreytingu, sem þegar hefur tekið gildi, að tollkvótum fyrir sérosta skuli útlutað með hlutkesti en ekki útboði, þannig að á þá leggst ekki útboðsgjald. Breytingin mun þannig jafnframt stuðla að verulegri verðlækkun á ýmsum innflutnum ostum. Fyrirtæki í matvælainnflutningi hafa enn fremur byggt réttmætar væntingar á því samkomulagi sem gert var við samþykkt búvorusamninganna á sínum tíma og gert ráð fyrir því í áætlunum sínum að allur tollfrjálsi innflutningskvótinn tæki gildi á fyrsta gildisári tollasamningsins.

FA hafnar algjörlega þeim málflutningi, sem m.a. Bændasamtök Íslands hafa haft uppi í þessu máli, að neytendur skuli verða af þessum hagsbótum vegna þess að ráðherra hafi látið undir höfuð leggjast að semja við Evrópusambandið um að á móti þessari breytingu yrði gildistöku tollkvóta fyrir íslenskar mjólkurvörur á markaði ESB jafnframt hraðað. Það að þáverandi landbúnaðarráðherra hafi ekki að hafzt í málín gagnvart Evrópusambandinu getur ekki réttlætt að vilji þingsins um hraðari innleiðingu tollkvótans gangi ekki eftir. FA telur ástæðu til að ítreka að þvert á móti var þessari „verulegu tilslökun“ ætlað að koma á móti þeirri hækkan almennra tolla á ostum og öðrum mjólkurvörum, sem búvorusamningur Bændasamtakanna og ríkisins kvað á um.

Félag atvinnurekenda er almennt fylgjandi lækkun og afnámi tolla og fagnar því jafnfram tillögu ráðuneytisins um að móðurmjólk, sem flutt er inn til landsins til nota á Landspítalanum sé tollfrjáls. Verður heldur ekki með góðu móti séð að sá innflutningur sé í samkeppni við íslenzkan landbúnað þannig nein rök séu fyrir því að leggja verndartolla á vöruna.

Af ofangreindu má vera ljóst að Félag atvinnurekenda fagnar frumvarpi þessu og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að koma frekari sjónarmiðum á framfæri á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með nefndinni.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda